

Heimssögulegur fundur í Lissabon

Fréttablaðið 23. nóvember 2010

Leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Lissabon um helgina verður lengi minnst, ekki bara fyrir nýja grunnstefnu heldur einnig þá sögulegu ákvörðun Rússa að taka höndum saman við bandalagið um margvíslegt samstarf að sameiginlegum hagsmunum. Medvedev, forseti Rússlands, vísaði sérstaklega til nýju grunnstefnunnar, þar sem segir skýrt, að Atlantshafsbandalagið sé ekki ógn við Rússland.

Praktísk nálgun hans birtist vel í umræðum, þar sem hann sagði að torfærur yrðu á leiðinni, og einstakar þjóðir kynnu að móðgast hver við aðra enda ekki hægt að fjarlægja söguna. Þjóðirnar ættu þrátt fyrir það að halda saman á leiðarenda nýs og árangursríks samstarfs. Í umræðum leiðtoganna kom skýrt fram það viðhorf margra þjóða, að Rússar og bandalagsþjóðirnar eigi í höggi við sameiginlegar ógnir.

Þar voru efst á baugi hermdarverk, sem í dag eru mesta ógnun við stöðugleika og frið í okkar heimshluta, sjórán, sem nú færast í vöxt, netógnir sem lamað geta fjarskipti og viðbúnaðarkerfi þjóða, auk hamfara af náttúrulegum völdum, eða manna. Sarkozy, Frakklandsforseti, kvað skýrt að orði, og sagði að mesta sameiginlega ógnin við Rússland og þjóðir Atlantshafsbandalagsins stafaði af framferði ofbeldisfullra múslímskra öfgasamtaka.

Eitt af því sem Rússar vilja eiga samstarf um við bandalagsþjóðirnar að uppfylltum skilyrðum er gerbreytt skotflaugavarnakerfi, sem á að verjast hugsanlegri ógn frá þeim 27 þjóðum, sem taldar eru búa yfir skotflaugum sem gætu á átakatímum ógnað íbúum Vesturlanda, og Rússum. Nokkrir leiðtoganna hikuðu ekki við að nefna Íran og Sýrland sérstaklega. Uppbygging og staðsetning kerfisins verður samkvæmt sameiginlegri ákvörðun hagað með það í huga. Þetta kerfi er gerólíkt því sem Bush fyrrverandi Bandaríkjaforseti lagði upp með, sem sést best á því að í stað þess að Rússar líti á það sem ógn við sig, vilji þeir vera með.

Þjóðir eins og Norðmenn, Þjóðverjar, Lúxemborgarar, auk Íslendinga sem hafa verið tregir í stuðningi við skotflaugavarnir, telja kerfið draga úr vægi kjarnavopna og geta því ýtt undir hraðari afvopnun á því sviði. Einstakar bandalagsþjóðir halda enn fram gildi kjarnavopnafælingar en engum dylst þó að hin nýja grunnstefna markar þáttaskil að því leyti að þar er sagt afdráttarlaust að stefnt skuli að heimi án kjarnavopna. Aldrei hefur slík yfirlýsing verið birt jafn afdráttarlaust í stefnu Atlantshafsbandalagsins. Annað nýmæli felst í sterkri áherslu á mannréttindi og alþjóðalög hvað varðar starfsemi bandalagsins.

Össur Skarphéðinsson er utanríkisráðherra